

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalkþörungafélagið Bíldadalur



| | | | |
|---------------------|-------------------------|------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 27.5.2015 | Fulltrúi UST | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Fyrirtæki | Kalkþörungafélagið | Fulltrúi UST | |
| Heimili | Hafnarteigi 4, Bíldadal | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 680601-2670 | Flokkur | Verksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Erla Rún Jónsdóttir | ÍSAT nr. | |
| Fulltrúi fyrirtækis | Einar Sveinn Ólafsson | Staðsetning | 288910,327 584086,181 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit hvað varðar afsog frá ryk uppsprettum sem er ófullnægjandi, að frárennslisslanga úr setlóni var sett beint út í sjó og að framleiddar eru afurðir sem ekki eru tilgreindar í starfsleyfi. Athugasemdir voru gerðar varðandi kvartanir vegna ryks í útbæstri, gruggs í sjó og hljóðmengunar frá verksmiðjunni og að grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var ekki skilað á réttum tíma. Er skilafrestur til 1. maí ár hvert en gögnunum var skilað með tölvupósti þann 27. maí sl.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Eitt frávík kom fram við síðasta eftirlit hvað varðar rykmælingar í reykhláfi en þær voru yfir þeim mörkum sem fram koma í gr. 2.1 í starfsleyfi en meðalgildi rykmagns í útblásturslofti þarf að vera minna en 20 mg/Nm³, en var 24.4 mg/Nm³ í mælingunni. Gerð var ný mæling af Verkís þann 22. maí sl. og voru gildi þeirrar mælingar innan marka starfsleyfis, eða 18,3 mg/Nm³.

Rætt var um vöktunaráætlunina og hefur rekstraraðili sent inn drög af nýrri áætlun sem byggir á niðurstöðum botnsýnataka sem gefa það til kynna að ekki þurfi að taka botnsýni eins ört og fyrri áætlun gerir ráð fyrir.

Rætt var um kvartanir sem borist hafa á árinu hvað varðar hljóðmengun og ryk í útblæstri.

Rekstraraðili framleiðir fóður til útflutnings. Fóðurframleiðsla er ekki tilgreind í starfsleyfi rekstraraðila, einungis 50.000 tonn af kalki á ári. Sé verið að vinna að öðrum framleiðsluvörum þarf að gera grein fyrir því og sækja um breytingu á starfsleyfi varðandi það.

Sveitarfélagið hefur samþykkt umsókn rekstraraðila um landfyllingu til að útbúa stærra setlón við verksmiðjuna. Skipulag sveitarfélagsins hefur verið kært og beðið er eftir niðurstöðu í því máli. Fyrirhugað er að taka inn sjó til kælingar hreinsikerfa í stað ferskvants og hefur umsókn verið send hafnaryfirvöldum. Beðið er svara frá þeim.

Gengið var um svæðið, hafnargarðurinn, setlónið og plan skoðuð.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Gr. 2.1 í starfsleyfi

Afsog skal vera frá ryk uppsprettum. Afsog er einungis frá nýja þurrkaranum, ekki frá öðrum ryk uppsprettum.

Gr. 2.4 í starfsleyfi

Þvottavatn og vatn frá löndun hráefna skal leitt í þar til gert setlón. Styrkukning svifagna í sjó vegna fráveitu skal vera undir 2 mg/l. Þann 5. maí sl. var frárennslisslanga frá vinnslunni fjarlægð úr setlóni og komið fyrir við hafnargarðinn, bein út í sjó. Olli þetta mikilli sjónmengun og gruggi við sjávarkambinn. 10 maí mátti einnig greina sömu gruggmengun.

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Fram kemur í starfsleyfi að heimilt er að framleiða allt að 50.000 tonnum af kalki á ári. Ekki eru tilgreindar fleiri framleiðsluafurðir í

starfsleyfi. Rekstraraðili framleiðir fóður til útflutnings sem og sand, en eru þessar afurðir ekki tilgreindar í umfangi starfseminnar í starfsleyfi.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð varðandi kvartanir vegna ryks í útblæstri, gruggs í sjó og hljóðmengunar frá verksmiðjunni.


Einnig var gerð athugasemd um að grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var ekki skilað á réttum tíma. Er skilafrestur til 1. maí ár hvert en gögnunum var skilað með tölvupósti þann 27. maí sl.

ANNAÐ

Komið hafa fram kvartanir frá íbúum svæðisins vegna ryks í útblæstri, gruggs í sjó og hljóðmengunar frá verksmiðjunni. Hljóðmælingar hafa verið gerðar við mörk lóðar verksmiðjunnar og hafa þær mælingar verið innan marka starfsleyfis. Það er mælt til þess að öllum hávaða sé haldið niðri eins og kostur er og sérstaklega reynt að sporna við honum um kvöld og nætur og reynt að hemja ryk frá plani og setlóni eins og kostur er.

Safnast hefur upp sandur og leir í setlónið og hefur rekstraraðili sótt um leyfi til Umhverfisstofnunar til að varpa því í aftur í hafið. Það mál er í ferli og hefur rekstraraðili óskað eftir frekari leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun um skil á ítarlegri upplýsingum um losunarstaðinn áður en stofnunin tekur afstöðu til erindisins. Vonast er til að ryk úr lóninu og gruggmengun við hafnargarðinn minnki við þessa framkvæmd.

Reykjavík, 11.06.2015



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.